| □ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>X Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>□ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | X Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd<br>Vinnumatsnefnd 3 | Málsnúmer |
|---|---|
| Nafn skóla<br>[redacted] | Áfangaheiti |
| Dagsetning sem málið barst<br>9. október 2015 | Dagsetning úrskurðar<br>23. október 2015 |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

**Deiluatriði**

Ágreiningur snýst um útreikning á vinnumati 2 ein. íþróttaáfanga sem kenndur er á starfsbraut. Gert er ráð fyrir að átt sé við gamlar námseiningar. Ljóst er af framlögðum útreikningum að aðilar eru sammála um að leggja sýnidæmi í kennslu á starfsbrautum til grundvallar. Ágreiningurinn snýst um hvernig skuli uppreikna tölurnar í sýnidæmunum fyrir kennslu á starfsbrautum, hvort fara skuli leið A eða B hér að neðan:

A) Hér er litið til einingafjölda áfangans og þar sem hann er tveggja eininga eru viðeigandi stærðir tvöfaldaðar, þannig að 8 klst. eru áætlaðar í gerð kennsluáætlunar (miðað við 4 fyrir 1 ein.).

B) Hér er litið til staðinnar kennslu fremur en einingafjölda Skv. núverandi skipulagi skólans eru kennslustundir 60 mínútur að lengd og áfanginn kenndur tvisvar á viku í 15 vikur. Það þýðir að áfanginn er kenndur í 30 klukkustundir á önn. Í ljósi þess að sýnidæmi fyrir eina einingu gefa 20 klst. í „staðna kennslu“ er helmingi bætt við viðeigandi stærðir, þannig að 6 klst. eru áætlaðar í gerð kennsluáætlunar (miðað við 4 fyrir 1 ein.).

**Umfjöllun vinnumatsnefndar 3:**

Í 7. gr. kjarasamnings frá 2014 er kveðið á um að „[v]innumat [skuli] byggja á hlutlægum viðmiðum og málefnalegum tilefnum.“ Á þeim forsendum byggir vinnumatsnefnd 3 úrskurð sinn. Í gamla kerfinu skyldu kennarar kenna 4 x 40 mínútna kennslustundir á viku, þ.e.a.s. 160 mínútum á viku, eða 40 klst. á önn, miðað við 15 vikna kennslu. Sýnidæmi verkefnisstjórnar miða við þá kennslutilhögun. Í útfærslu FVA eru tvær 60 mínútna stundir (120 mín.) á viku eða 75% af kennslumagni í fyrra kerfi sem sýnidæmið vísar til

Í nýrri námsskrá eru tengsl kennslustunda og eininga rofin og í staðinn miðast nýjar framhaldsskólaeiningar við vinnu nemenda. Þar með hverfa tengsl fjölda eininga og vinnu kennarans sem er ekki lengur fyrir hendi. Það þýðir að hægt er að kenna tveggja (gamalla) eininga áfanga í færri (eða fleiri) kennslustundum en í gamla kerfinu. Vinna kennara við aðra þætti getur á móti aukist vegna til dæmis ferða eða vinnufrekari verkefna. Ekki eru færð rök fyrir því að vinna kennara við utanumhald áfangans eða aðra þætti sé önnur en sú sem kemur fram í innsendum útreikningum. Þó kennt sé miðað við gamlar einingar breytir það ekki núverandi kjarasamningi og byggir hann á vinnumati.

**Niðurstaða:**

Það er mat vinnumatsnefndar 3 miðað við ofangreindar forsendur að **leið B** sýni réttan útreikning á **lágmarksvinnu** við áfangann sem um ræðir út frá sýnidæmi.
Þessi úrskurður vinnumatsnefndar 3 á þó ekki að koma í veg fyrir að vinna við áfangann fari fram á annan hátt sé það hlutlægt og málefnalegt mat kennara og skólastjórnenda.

Framvinda máls:
☒ Mál afgreitt
☐ Máli vísað til úrskurðarnefndar

Formaður

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.
Sími 545-8800. Netfang: gudmundur@verkefnisstjorn.is

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>X Kennari / Kennarar [redacted] | Dagsetning tilvísunar |
| Nafn skóla<br>[redacted] | Símanúmer skóla |
| Skólameistari<br>[redacted] | Netfang<br>[redacted] |
| Kennari / Kennarar<br>[redacted] | Netfang<br>[redacted] |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð)<br>[redacted] | |

Ágreiningsefni.
Kennarafélag [redacted] óskar eftir úrskurði um útreikning á vinnutíma vegna námsmats.
Stjórnendur sk[redacted]s hafa tekið einhliða ákvörðun um að taka út 12 tíma (fyrir 3. eininga áfanga) sem skráðir eru undir *prófagerð og framkvæmd lokaprófs* í öllum símatsáföngum en bæta kennurum þennan tíma síðan með því að breyta staðinni kennslu úr 15 vikum í 17. Þó svo að heildarvinnutímamat breytist ekki af þessum sökum þá er hér gengið gegn ákvæðum kjarasamnings og skýrslu verkefnisstjórnar að mati fulltrúa kennara. Við teljum rétt að skrá þessa tíma undir liðnum verkefnis og prófagerð á kennslutíma og förum hér með fram á úrskurð vinnumatsnefnda um þetta efni.
Máli okkar til stuðnings vísum við í kjarasamning Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands frá 4.4.2014 og skýrslu verkefnisstjórnar þar sem á blaðsíðu 7 og 8 er tekið skýrt fram hvernig meðhöndla eigi vinnumatsútreikning vegna námsmats.

Úr skýrslu verkefnastjórnar

**Ýmsir vinnuþættir**

Verkefnisstjórn telur æskilegt að vinnumat sé hlutlaust gagnvart námsmatsaðferðum. Því er mælt með að heildartími í vinnuþáttunum *Verkefnis og prófagerð á kennslutíma* og *Prófagerð og framkvæmd lokaprófs* sé hinn sami í sambærilegum áföngum óháð því hvaða matsaðferðum er beitt.

Á sama hátt skal í sýnidæmunum skoða vinnuþættina *Námsmat, yfirferð prófa og verkefna* og *Frágangur námsmats, yfirferð lokaprófs* í samhengi, þ.e. að samtala þessara reita sé sú sama óháð námsmatsfyrirkomulagi.

| **Sent á formann vinnumatsnefndar** | **Fylgigögn** |
|---|---|
| x□ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>x□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>x□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>x□ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>x□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | □ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Vinnumatsnefnd<br>Vinnumatsnefnd 3 | Málsnúmer |
| Nafn skóla<br>[redacted] | Áfangaheiti |
| Dagsetning sem málið barst<br>9. október 2015 | Dagsetning úrskurðar<br>28. október 2015 |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Vinnumatsnefnd 3 hvetur kennara og stjórnendur [redacted] til að ræða sig saman að niðurstöðu um vinnumat enda geta útfærslur á vinnumati verið mjög ólíkar frá grein til greinar og áfanga til áfanga. Markmið núverandi kjarasamnings er að gera skólum og kennurum kleift að nýta mismunandi útfærslu enda hefur verið rofin binding milli kennslustundafjölda og eininga sem og náms og prófatíma.

Það er rétt hjá fulltrúum kennara við skólann að í skýrslu verkefnisstjórnar kom fram sú afstaða að ekki yrði gerður greinarmunur á tegundum námsmats í áætluðum tíma. Þar er gert ráð fyrir því að sá tími sem í sýnidæmum var áætlaður í gerð og framkvæmd lokaprófs (12 klst. fyrir venjulega þriggja gamalla eininga áfanga) yrði einnig notaður í undirbúning og framkvæmd námsmats í símati.

Sé kennt í 17 vikur eftir sams konar kerfi og áður verða að jafnaði til 8 klst. í staðinni kennslu og 4 kennslustundir í undirbúning. Það er því eðlilegt, sé það ekki vilji skólans að hækka vinnumat áfanga frá niðurstöðum sýnidæmanna, að skipuleggja kennslu þannig að þessi viðbótartími sem myndast verði einungis nýttur í námsmat hvenær sem er á kennslutímabilinu, hvaða aðferðum svo sem kennari telur eðlilegast að beita. Að öðru leyti telur vinnumatsmefnd 3 sig ekki geta úrskurðað í málinu enda ekki hægt að úrskurða á einu bretti af eða á um alla símatsáfanga í einum skóla.

Ef skólinn og kennarar hans vilja miðlæga samræmda útfærslu á vinnumati á slíkt heima hjá samninganefnd en ekki vinnumatsnefnd. Um slíkt var einfaldlega ekki samið í kjarasamningi.

f.h. Vinnumatsnefndar 3

Framvinda máls:
X Mál afgreitt
□ Máli vísað til úrskurðarnefndar

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>[redacted] | Dagsetning tilvísunar:<br>19. okt. 2015 |
| Nafn skóla: [redacted] | Símanúmer skóla: [redacted] |
| Skólameistari: [redacted] | Netfang: [redacted] |
| Kennari / Kennarar: [redacted] | Netfang: [redacted] |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð): [redacted] | |
| Ágreiningsefni:<br>[redacted] er settur saman úr tveimur eldri áföngum, [redacted] og er þannig 10 einingar í nýrri námskrá. Tveir kennarar skipta með sér kennslu í áfanganum og það útheimtir samráð um skipulag, verkefnaskil, yfirferð verkefna og mat umfram það sem tíðkast í hefðbundnum áfanga, sbr. fylgiskjal. Þessi vinna hefur ekki fengist metin til launa þar sem sýnidæmi gera ekki ráð fyrir tveggja kennara kerfi. Íslenskudeild [redacted] telur að þetta falli undir liðinn „staðfestur viðbótartími vegna sérstakra aðstæðna", sbr. vinnumatsskjal. Skólastjórnendur segja hins vegar að engir peningar séu til og skv. fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins skuli aðeins greiða laun miðað við sýnidæmin. | |
| **Sent á formann vinnumatsnefndar**<br>□ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>■ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | **Fylgigögn**<br>□ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>■ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd | Málsnúmer |
|---|---|
| tungumála og íslensku | 2 |

| Nafn skóla | Áfangaheiti |
|---|---|
| [redacted] | [redacted] |

| Dagsetning sem málið barst | Dagsetning úrskurðar |
|---|---|
| 19. október | 6. nóvember |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.

Nefndin bendir á að í 6. gr. kjarasamnings KÍ og ríkisins frá 4. apríl 2014 er vinnuþáttum kennarastarfsins lýst. Þar kemur fram í B-hluta að kennurum er m.a. ætlaður tími í faglegt samráð. Meðfylgjandi gögn varpa ekki ljósi á að hve miklu leyti kennarar telja sig nota meiri tíma í faglegt samráð við nýjan áfanga en gert var áður þegar áfanginn var kenndur í tvennu lagi.

Í 7. gr. áðurnefnds kjarasamnings eru taldir upp ýmsir þættir sem geta haft áhrif á vinnumat áfanga, s.s. ýmislegt sem lýtur að undirbúningi (t.d. endurhönnun og þverfagleg kennsla) og í lok greinar er fjallað um áhrif persónu- eða aðstæðubundinna þátta á frávik frá grunnmati áfanga. Vera má að undirbúningur og vinna tveggja kennara í nýjum 10 eininga áfanga geti fallið undir einhver þessara ákvæða. Til þess að svo geti verið þarf að sýna fram á að kennslufyrirkomulagið kalli á aukna vinnu sem ekki hafi verið innt af hendi þegar efni áfangans var kennt í tveimur áföngum.

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku hvetur málshefjendur til að kryfja málið til mergjar og þegar/ef fyrir liggur afgerandi niðurstaða um aukna vinnu við samráð er eðlilegt að leita samkomulags við skólastjórnendur um framhald málsins. Náist ekki ásættanleg niðurstaða er mögulegt að senda annað erindi þar sem helst komi fram sjónarmið beggja aðila. Sé niðurstaðan sú að ekki sé um aukna samvinnu að ræða frá því sem áður var stendur ákvörðun skólameistara.

Framvinda máls:
- ■ Mál afgreitt
- □ Máli vísað til úrskurðarnefndar

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.
Sími 545-8800. Netfang: gudmundur@verkefnisstjorn.is

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>[redacted] | Dagsetning tilvísunar:<br>19. okt. 2015 |
| Nafn skóla: [redacted] | Símanúmer skóla: [redacted] |
| Skólameistari: [redacted] | Netfang: [redacted] |
| Kennari / Kennarar: [redacted] | Netfang: [redacted] |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð): [redacted] | |

Ágreiningsefni:

[redacted]deild [redacted] fór í gagngera endurskoðun áfanga sinna fyrir þetta skólaár til þess að mynda meiri samfellu milli áfanga og þrepa. Þessi áfangi var endurhannaður út frá [redacted] og [redacted] í gömlu námskránni. Sú endurhönnun hefur ekki verið metin til launa eins og kjarasamningur segir til um. Skólastjórnendur segja að engir peningar séu til og skv. fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins skuli aðeins greiða laun miðað við sýnidæmin.

| **Sent á formann vinnumatsnefndar** | **Fylgigögn** |
|---|---|
| □ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>■ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | □ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd | Málsnúmer |
|---|---|
| tungumála og íslensku | 3 |

| Nafn skóla | Áfangaheiti |
|---|---|
| [redacted] | [redacted] |

| Dagsetning sem málið barst | Dagsetning úrskurðar |
|---|---|
| 19. október 2015 | 6. nóvember |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.

Hér skiptir máli hvernig til endurhönnunar áfangans kom og hvort hún er umfram endurskoðun sem eðlilegt má telja að fari fram á áfanga öllu jöfnu. Hafi vinnan ekki farið fram með vitund, vilja eða að beiðni skólameistara er ekki hægt að ætlast til að fá hana greidda eftir á, hvorki miðað við nýjasta kjarasamning kennara og ríkisins né þeirra sem áður hafa verið í gildi.

Ef eitthvað liggur fyrir um beiðni skólameistara um að þessi vinna færi fram hefði verið eðlilegt að þeir sem verkið skyldu vinna semdu við skólameistara um greiðslu fyrir það fyrirfram. Sú greiðsla gæti til dæmis falist í eingreiðslu ákveðins tímafjölda og ætti þá mögulega heima í vinnumati áfangans eða lækkun á kennsluskyldu vegna annarra starfa, sbr. vinnuþátt C, sérstök verkefni eða viðbótarstörf sem fjallað er um í 6. grein kjarasamningsins, en sú grein heyrir ekki undir vinnumat. Að sjálfsögðu gætu kennarar og skólastjórnendur einnig samið um annars konar útfærslu en hér hefur verið nefnt.

Af gögnum málsins er ekki hægt að fullyrða að sérstakt samkomulag hafi verið gert fyrirfram. Hafi vinnan falið í sér endurskoðun umfram það sem eðlilegt má telja og verið gerð að beiðni skólameistara hvetur vinnumatsnefnd tungumála og íslensku málsaðila til að leita leiða til að komast að samkomulagi um sanngjarna niðurstöðu. Náist ekki ásættanleg niðurstaða er mögulegt að senda annað erindi þar sem helst komi fram sjónarmið beggja aðila.

Framvinda máls:
- [x] Mál afgreitt
- [ ] Máli vísað til úrskurðarnefndar

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>[redacted] | Dagsetning tilvísunar:<br>19. okt. 2015 |
| Nafn skóla: [redacted] | Símanúmer skóla: [redacted] |
| Skólameistari: [redacted] | Netfang: [redacted] |
| Kennari / Kennarar: [redacted] | Netfang: asbjorg@vma.is |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð): [redacted] | |
| Ágreiningsefni:<br>[redacted] deild [redacted] fór í gagngera endurskoðun áfanga sinna fyrir þetta skólaár til þess að mynda meiri samfellu milli áfanga og þrepa. Þessi áfangi var endurhannaður út frá [redacted] og [redacted] í gömlu námskránni. Sú endurhönnun hefur ekki verið metin til launa eins og kjarasamningur segir til um. Skólastjórnendur segja að engir peningar séu til og skv. fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins skuli aðeins greiða laun miðað við sýnidæmin. | |

| **Sent á formann vinnumatsnefndar** | **Fylgigögn** |
|---|---|
| □ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>■ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | □ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd | Málsnúmer |
|---|---|
| tungumála og íslensku | 4 |

| Nafn skóla | Áfangaheiti |
|---|---|
| [redacted] | [redacted] |

| Dagsetning sem málið barst | Dagsetning úrskurðar |
|---|---|
| 19. október | 6. nóvember |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.

Hér skiptir máli hvernig til endurhönnunar áfangans kom og hvort hún er umfram endurskoðun sem eðlilegt má telja að fari fram á áfanga öllu jöfnu. Hafi vinnan ekki farið fram með vitund, vilja eða að beiðni skólameistara er ekki hægt að ætlast til að fá hana greidda eftir á, hvorki miðað við nýjasta kjarasamning kennara og ríkisins né þeirra sem áður hafa verið í gildi.

Ef eitthvað liggur fyrir um beiðni skólameistara um að þessi vinna færi fram hefði verið eðlilegt að þeir sem verkið skyldu vinna semdu við skólameistara um greiðslu fyrir það fyrirfram. Sú greiðsla gæti til dæmis falist í eingreiðslu ákveðins tímafjölda og ætti þá mögulega heima í vinnumati áfangans eða lækkun á kennsluskyldu vegna annarra starfa, sbr. vinnuþátt C, sérstök verkefni eða viðbótarstörf sem fjallað er um í 6. grein kjarasamningsins, en sú grein heyrir ekki undir vinnumat. Að sjálfsögðu gætu kennarar og skólastjórnendur einnig samið um annars konar útfærslu en hér hefur verið nefnt.

Af gögnum málsins er ekki hægt að fullyrða að sérstakt samkomulag hafi verið gert fyrirfram. Hafi vinnan falið í sér endurskoðun umfram það sem eðlilegt má telja og verið gerð að beiðni skólameistara hvetur vinnumatsnefnd tungumála og íslensku málsaðila til að leita leiða til að komast að samkomulagi um sanngjarna niðurstöðu. Náist ekki ásættanleg niðurstaða er mögulegt að senda annað erindi þar sem helst komi fram sjónarmið beggja aðila.

Framvinda máls:
- ■ Mál afgreitt
- □ Máli vísað til úrskurðarnefndar

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|---|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>[redacted] | Dagsetning tilvísunar<br><br>2. nóvember 2015 |
| Nafn skóla<br>[redacted] | Símanúmer skóla<br>[redacted] |
| Skólameistari<br>[redacted] | Netfang<br>marv@msund.is |
| Kennari / Kennarar [redacted] | Netfang [redacted] |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð)<br>[redacted] | |

Ágreiningsefni

Íslenskukennarar [redacted] vilja koma á framfæri óánægju sinni vegna mats á vinnu kennara sem kenna 1. bekk í nýju kerfi, líkt og hér greinir:

- Falskar forsendur þegar við skiptum áföngum í vor; stjórnendur höfðu sagt að allir íslenskuáfangar yrðu á efra launaþrepi. Eftir að kennsluskiptingu var lokið og stundatöflur tilbúnar kom í ljós að fyrsti bekkur heyrði undir neðra launaþrep, með tilheyrandi launaskerðingu fyrir þá kennara sem kenna fyrsta ári.

- Ekkert aukaálag er reiknað inn í vinnumatið fyrir kennslu nýs áfanga. Nýr áfangi kallar á miklar breytingar og mikla vinnu. Reiknað er með slíku aukaálagi í vinnumati og greiðslum fyrir. Við áætluðum álag og tilgreindum það í vinnumati en ekki var tekið tillit til þess.

| **Sent á formann vinnumatsnefndar** | **Fylgigögn** |
|---|---|
| □ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>□ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>□ Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | □ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd<br>tungumál og íslenska | | Málsnúmer<br>5 |
|---|---|---|
| Nafn skóla<br>[redacted] | | Áfangaheiti<br>[redacted] |
| Dagsetning sem málið barst<br>2. nóv. 2015 frekari upplýs. 16. nóv. 2015 | Dagsetning úrskurðar<br>23. 11. 2015 | |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.

Vinnumat er samstarfsverkefni kennara og skólastjórnenda – sbr. upphaf 7. gr. kjarasamnings KÍ og ríkisins. Af erindinu er ekki ljóst hvort málið hafi verið rætt til hlítar innan skólans. Sú umræða þarf að fara fram áður en vinnumatsnefnd getur fellt úrskurð.

Geti kennarar og skólastjórnendur ekki komist að niðurstöðu sem báðir aðilar sætta sig við er mögulegt að senda vinnumatsnefnd annað erindi þar sem viðræðum og málefnalegum ágreiningi er lýst.

f.h. vinnumatsnefndar um tungumál og íslensku,
Halldóra S. Sigurðardóttir

Framvinda máls:
■ Mál afgreitt
□ Máli vísað til úrskurðarnefndar

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

<table>
<tr><td>Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis:<br>□ Skólameistari<br>[redacted]</td><td>Dagsetning tilvísunar<br>27. október 2015</td></tr>
<tr><td>Nafn skóla<br>[redacted]</td><td>Símanúmer skóla<br>[redacted]</td></tr>
<tr><td>Skólameistari<br>[redacted]</td><td>Netfang<br>[redacted]</td></tr>
<tr><td>Kennari / Kennarar<br>[redacted]</td><td>Netfang<br>[redacted]</td></tr>
<tr><td colspan="2">Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð)<br>[redacted]</td></tr>
<tr><td colspan="2">Ágreiningsefni<br><br>Í vinnumati á haustönn 2015 vour framangreindir áfangar flokkaðir á neðara stig. Þetta eru áfangar í gömlu námskránni.[redacted]kennarar í[redacted]telja að þessir áfangar eigi að vera á efra stigi (og það ætti líka að gilda um[redacted]sem ekki er kenndur á önninni).<br><br>Þessu var komið á framfæri við skólameistara í septemberbyrjun. Skólameistari óskaði ráðgjafar hjá vinnumatstefnd raungreina og stærðfræði. Í svari nefndarinnar (málsnúmer 20153) sem undirritaður fékk 3. október sl. er skólanum bent á að þrepasetja umrædda áfanga og raða á neðra eða efra stig eftir eðli verkefna, þyngdarstigi o.fl.<br><br>Undirritaður óskaði strax efti því við skólameistara að farið yrði í þá vinnu. Við því hefur skólameistari ekki orðið og þess vegna er óskað eftir úrskurði vinnumatsnefndar í raungreinum og stærðfræði.<br><br>Rök fyrir því að umræddir áfangar skuli flokkast á efra stig eru eftirfarandi:<br><br>Undanfarar þessara áfanga eru tveir, þ.e. fyrst þarf nemandi að ljúka[redacted]áfanga og síðan [redacted] áfanga í gömlu námskráni. Í áföngunum [redacted] [redacted]og[redacted]eru viðfangsefnin sérhæfðari og gera meiri kröfur til nemenda um skilning og að tengja saman ólíka þætti, en í undanfarandi áföngum í greinunum.<br><br>Í nýrri námskrá sem hefur verið samþykkt af skóla eru tveir áfangar í raungreinum fyrri nemendur á raungreinabraut á 2. þrepi. Allir framahaldsáfangar eru á 3. þrepi. Sambærilegir áfangar við [redacted] [redacted]og [redacted]eru því á 3. þrepi og þar með flokkaðir á efra stig í vinnumati.<br><br>Í vinnumati [redacted] nú á haustönn eru áfangarnir [redacted]og [redacted]flokkaðir á efra stig. Þetta eru áfangar númer 3 í röðinni í hverri grein hjá nemendum, alveg eins og[redacted] [redacted]og [redacted]<br><br>Fyrir hönd [redacted]kennara í[redacted]</td></tr>
</table>

| Sent á formann vinnumatsnefndar | Fylgigögn |
|---|---|
| □ Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is<br>□ Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is<br>□ Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is<br>□ Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is<br>X Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | □ Vinnumat kennara<br>□ Vinnumat skólameistara<br>□ Önnur gögn: |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| Vinnumatsnefnd<br>Raungreina og stæ | | Málsnúmer<br>20156 |
|---|---|---|
| Nafn skóla<br>[redacted] | | Áfangaheiti<br>[redacted] |
| Dagsetning sem málið barst<br>27. október 2015 | Dagsetning úrskurðar<br>16. nóvember 2015 | |

Niðurstaða vinnumatsnefndar

Áður en nefndin tók málið til úrskurðar var skólameistara gefinn kostur á að tjá sig um það. Í svari skólameistara er bent á að þegar leitað var eftir staðfestingu á raungreinagraut [redacted] fyrr á árinu hafi meðal annars verið sett spurningarmerki við þrepasetningu [redacted] áfanga og bent á að flestir skólar hafi raðað hliðstæðum áföngum á 2. þrep. Leitað hefur verið upplýsinga hjá Menntamálastofnun þessu til staðfestingar og sér í lagi hefur komið fram að [redacted] áfangar á borð við [redacted] hafi ýmist verið settir á 2. eða 3. þrep. Í því ljósi telur vinnumatsnefndin sig ekki geta lagt til grundvallar að fara með [redacted] eins og hann væri ótvírætt á 3. þrepi. [redacted] er þriðji áfangi í [redacted] fræði þ.e. á undan honum hafa nemendur lokið [redacted] og [redacted] m.v. eldri námskrá. Um bæði [redacted] og [redacted] gildir að nemendur hafa áður þurft að ljúka áfanga númer 103 í þessum greinum og áfanganum [redacted] sem er inngangsáfangi bæði [redacted] fræði og [redacted] fræði. Undanfarandi nám fyrir [redacted] áfanga í [redacted] fræði og [redacted] fræði er því heldur minna að umfangi en í [redacted] áfanga [redacted] fræðinnar. Því standa samræmisrök til þess að [redacted] fræði og [redacted] fræði áfangar nr. [redacted] séu vart á 3 þrepi ef [redacted] áfanginn nr. [redacted] er það ekki. Eftir stendur þá hvort innihald og efnistök gefi að öðru leyti tilefni til þess að meta áfangana á efra stigi. Í leiðbeiningum verkefnisstjórnar um skilsmun milli stiga segir að að það ráðist af eðli og umfangi verkefna í námsáfanganum, kröfum um stærri sjálfstæð verkefni, þyngdarstigi og fleiru hvort 2. þreps áfangi tilheyri efra stigi í vinnumati. Að mati nefndarinnar verður ekki ráðið af innsendum kennsluáætlunum að umfang og þyngd verkefna ellegar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð í umræddum [redacted] áföngum hafi slíka sérstöðu að hún leiði til þess að áfangarnir skipist á efra stig í vinnumati.

Niðurstaða: Áfangarnir [redacted] og [redacted] teljast til neðra stigs í vinnumati raungreinaáfanga.

F.h. vinnumatsnefndar raungreina og stærðfræði,

Lárus H. Bjarnason

Framvinda máls:
X Mál afgreitt
□ Máli vísað til úrskurðarnefndar